

Símafundur stjórnar Sambands orkusveitarfélaga
6. fundur
14. september 2012 kl. 08.30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Sigríður Lára Ásbergadóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Jens P. Jensen.

Eydís setti fundinn.

1. Ákvörðun um aðalfund S.O.

Samþykkt var að halda aðalfund föstudaginn 28. september kl. 13.00 í Hörpunni. Athuga þarf með hentugan sal í Hörpunni (Stefán Bogi) Koma þarf út aðalfundarboði í dag (Bryndís).

2. Ársskýrsla.

Drög að ársskýrslu 2011 liggja fyrir.

3. Ráðstefna: Tímasetning/Ráðstefnustaður og kostnaður.

Samþykkt að stefna að því að ráðstefna um orkusviðið og skiptingu arðs af orkuframleiðslu verði haldinn föstudaginn 16. nóvember 2012.

Hægt er að fá aðstöðu fyrir ráðstefnuna í Eldborgarsal við Bláa Lónið eða í Hellisheiðarvirkjun.

Málið verður kannað frekar með tilliti til kostnaðar.

Skráning á ráðstefnuna og utanumhald verður hjá Samb. ísl. sveitarfélaga.

4. Önnur mál.

Eftirfarandi tillaga að breytingu á samþykktum S.O. var samþykkt af stjórn og vísað til aðalfundar:

Nafni samtkanna verði breytt úr „Samband orkusveitarfélaga“ í „Samtök orkusveitarfélaga“. Einnig verði orðinu „samband“, þar sem það kemur fyrir í samþykktum og öllum orðmyndunum breytt í „samtök“ ásamt viðeigandi málframbreytingum sem nauðsynlagar eru þessu samfara.

Fjárhagsáætlun S.O. vegna ársins 2013 var samþykkt af stjórn og vísað til aðalfundar.

Tillögu að breytingu á samþykktum ásamt fjárhagsáætlun þarf að senda út með aðalfundarboði.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 09.15

Ritað af JPJ